

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr. 313/1990. **Sjúkrahús og heilsugæslustöð**

**Vestmannaeyja og**

**Vestmannaeyjakaupstaður**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Guðrúnu Lindu Þorvaldsdóttur**

(Gestur Jónsson hrl.).

Kjarasamningar. Opinberir starfsmenn. Sjúkrahús.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1990. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefndu. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Enginn tölulegur ágreiningur er í máli þessu.

Ágreiningslaust er, að stefnda var á bakvakt utan reglulegs vinnutíma á móti öðrum meinatækni að beiðni vinnuveitenda. Fyrir það fengu þær greidda samtals 300 bakvaktatíma á mánuði, óháð viðverutíma þeirra. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og 24. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en þessi lög giltu á þeim tíma, sem hér um ræðir, er ákvæði í ráðningarsamningi ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða ógildir. Á grundvelli kjarasamninga þeirra, sem í gildi voru á þeim tíma, sem hér um ræðir, á stefnda rétt á að fá greiðslu fyrir bakvaktir sínar. Ágreiningslaust er, að áfrýjendum

var heimilt að takmarka bakvaktir með því að draga úr viðveru-  
skyldu starfsmanna, en það var ekki gert. Samkvæmt framansögðu  
ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjendur greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem  
í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-  
skatts.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sjúkrahús og heilsugæslustöð Vestmannaeyja  
og Vestmannaeyjakaupstaður, greiði stefndu, Guðrúnu Lindu  
Þorvaldsdóttur, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. júlí 1990.

##### I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., er höfðað hér fyrir bæjar-  
þinginu af Guðrúnu Lindu Þorvaldsdóttur, kt. 031053-5539, Foldahrauni  
39 G, Vestmannaeyjum, á hendur Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Vest-  
mannaeyja, kt. 580269-1259, Sólhlið 10, Vestmannaeyjum, og Vestmanna-  
eyjakaupstað, kt. 690269-0159, Ráðhúsinu í Vestmannaeyjum, og gerir  
eftirfarandi dómkröfur:

„Að stefndu, Sjúkrahús og heilsugæslustöð Vestmannaeyja, kt. 580269-  
1259, og Vestmannaeyjakaupstaður, kt. 690269-0159, verði in solidum  
dæmdir til að greiða stefnanda, Guðrúnu Lindu Þorvaldsdóttur, kt. 031053-  
5539, 233.319 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Upphaflega höfðaði stefnandi mál þetta með stefnu, út gefinni 6. júní  
1989 og birtri 9. júní s. á., einvörðungu á hendur stefnda Sjúkrahúsi og  
heilsugæslustöð Vestmannaeyja, en með framhaldsstefnu samkvæmt 48. gr.  
laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 47. gr. sömu laga, út gefinni 9. apríl 1990  
og birtri 10. s. m., var stefnda Vestmannaeyjakaupstað einnig stefnt inn  
í málið til að taka til varna í því við hlið stefnda Sjúkrahúss og heilsugæslu-  
stöðvar Vestmannaeyja. Voru dómkröfur hinar sömu og gerðar höfðu verið  
á hendur stefnda Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Vestmannaeyja. Eftir  
árangurslausar sáttatilraunir dómara var framhaldssök sameinuð aðal-  
sök.

Af hálfu stefndu, Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja og  
Vestmannaeyjakaupstaðar, eru gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði  
algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu, þ. m. t. kröfum

um greiðslu söluskatts, og stefndu verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, en skv. mati réttarins.

Sættir voru reyndar, en reyndust árangurslausar.

## II.

Um mitt ár 1984 hóf stefnandi störf sem deildarmeinataeknir á rannsóknastofu við Sjúkrahús Vestmannaeyja og stóð þá strax gæsluvaktir á móti öðrum deildarmeinataekni, sem einnig var starfandi við rannsóknastofu sjúkrahússins, vitninu Hildi Oddgeirsdóttur. Vakt sú, sem hér um ræðir, tók við, er föstum vinnudegi lauk að dag- eða eftirvinnu lokinni. Ekki er um það deilt, að fyrir vinnu, sem til féll við útköll á gæsluvaktartíma, fékk stefnandi greitt að fullu. Ekki vefengja stefndu kröfugerð stefnanda tölulega, þótt þeir telji hana efnislega ranga.

Forsögu máls þessa virðist annars mega rekja til þess, að fimmtudaginn 12. mars 1981 tók stjórn sjúkrahússins fyrir bréf frá meinataeknum, röntgenmyndara, svæfingarhjúkrunarfræðingi og skurðstofuhjúkrunarfræðingi um greiðslur fyrir útkallsvaktir, þar sem fram kemur, að engar útkallsvaktir verða aðra daga en laugardaga og sunnudaga frá og með 15. mars 1981 að telja, dskj. 35. Ágreiningi sætir ekki, að á fundi stjórnar Sjúkrahúss Vestmannaeyja 16. mars 1981 hafi stjórnin náð samkomulagi m. a. við meinataekna sjúkrahússins um, að greiddar skyldu 300 stundir á mánuði fyrir gæsluvaktir, en á þeim tíma munu meinataeknar hafa samið beint við sjúkrahússtjórnina um kaup og kjör sín. Skyldi fyrirkomulag þetta gilda frá 15. mars 1981 til 1. janúar 1982, sbr. m. a. dskj. nr. 24, en sú tala hafi síðan átt að hækka 1. janúar 1982 í 330 stundir. Ekki virðist heldur ágreiningur um, að sú hækkan hafi ekki komið til framkvæmda, ef undan er skilin greiðsla fyrir janúar 1982, þar sem bæjarráð Vestmannaeyja hafi hafnað að hækka bakvaktir í 330 stundir. Af hálfu stefnanda er litið svo á, að 300 stunda fyrirkomulagið hafi einungis átt að gilda til ársloka 1981. Af hálfu stefnanda er enn fremur fullyrt, að ef 330 stunda fyrirkomulagið hefði komist á, hefði það ekki átt að gilda lengur en til 1. júlí 1982, en þá hefði átt að taka samninginn upp og endurskoða, og kveðst vitnið Hildur Oddgeirsdóttir hafa skilið það svo, að bakvaktargreiðslurnar hafi átt að auka í þrepum upp að fullu, og yrði slík greiðsla skv. kjarasamningi. Af hálfu stefndu er því aftur á móti haldið fram, að ekki hafi komist á annað samkomulag um bakvaktargreiðslur til meinataekna en samkomulag það, sem komist hafi á um 300 stundirnar 15. mars 1981. Sem meinataeknir á Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Vestmannaeyja var stefnandi í Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar, en er meinataeknar gerðu fyrrgreint samkomulag, sömdu þær beint við Sjúkrahús Vestmannaeyja um starfskjör sín.

Hinn 5. mars 1986 ritaði vitnið Hildur Oddgeirsdóttir samninganefnd Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar bréf, dskj. 4, og óskaði eftir, að þar nánar greindar kröfur meinataækna við sjúkrahúsið kæmust að við gerð kjarasamnings 1986. Segir þar m. a.:

„2. Að bakvaktir verði greiddar *að fullu* frá og með 1. janúar 1986. Í dag fáum við aðeins 300 gæsluvaktartíma greidda á mán., en tímarnir eru vel yfir 500 (breytilegt eftir mán.). Ef ekki verður gengið að þessari kröfu, viljum við, að það komi skýrt fram, að bakvöktum verði aðeins sinnt þá daga í mánuði hverjum, sem greitt er fyrir (gildistími frá gerð kjarasamnings). Dæmi: Í marsmán. verði aðeins vakt til og með 16. mars (það gefur 304 gæsluvtíma).“

Síðan segir í tilvitnuðu dskj.:

„Bakvakt tekur við, um leið og dagvinnu lýkur. Við höfum gegnt þeirri skyldu *alla* daga mánaðarins undanfarin ár, en aðeins fengið greitt að hluta, eins og fram hefur komið. Þess má og geta, að öll sjúkrahús landsins (s.s. í Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Akranesi, Ísafirði o. fl.) greiða meinataeknum fullar bakvaktir.“

Málsaðilar hafa lagt fram þrjá kjarasamninga, aðal- og sérkjarasamning, milli Vestmannaeyjabæjar og Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar, sem hafði gildistímann frá 19. október 1984 til 31. desember 1985, dskj. 49, aðal- og sérkjarasamning sömu aðila, sem gildi frá 1. febrúar 1986 til 31. desember 1986, dskj. 5, svo og þann kjarasamning, er við tók og gildi frá 1. janúar 1987 til 31. desember 1989, dskj. 17. Ekki virðast aðilar vera fyllilega sammála um, hvernig túlka eigi kafla 1.6., um álagsgreiðslur, vaktaálag og orlofsframlag, í kjarasamningum þessum og þó öllu heldur tvær tilgreindar bókanir, er fylgdu síðastgreindu samningunum. Launakrafa stefnanda tekur hins vegar aðeins til tímabilsins frá 1. febrúar 1986 til 20. september 1987. Til grundvallar launakröfunni vísar stefnandi auk framangreindra ákvæða í kafla 1.6. í kjarasamningunum frá 1. febrúar 1986 og 1. janúar 1987 í vinnuskýrslur stefnanda, dskj. 30, en við það skjal eru engar athugasemdir gerðar af hálfu stefndu. Þá bendir stefnandi einnig á dskj. 31, sem er yfirlit yfir unnar, en ógreiddar gæsluvaktir á tímabilinu frá 1. febrúar 1986 til 20. september 1987. Vinnuskýrslan tekur til þess tíma, þegar reglulegum starfsdegi stefnanda lýkur að dag- og eftirvinnu lokinni og þar til nýr reglulegur vinnudagur hefst, og tekur bæði til sérgreindra útkalla og annarrar staðinnar gæsluvaktar í skilningi stefnanda. Eins og áður greinir, er óumdeilt, að stefnandi fékk greitt fyrir þær vinnustundir, sem til féllu við útköll, en það, sem á vantaði, að greitt væri á 30 daga tímabili miðað við 20. dag hvers mánaðar, myndaði grundvöll málshöfðunar stefnanda, en enginn ágreiningur er um reikningslega útfærslu á sjálfri kröfugerðinni. Í greinargerð stefnanda er nánari grein gerð fyrir, hvernig

kröfugerðin er tölulega upp byggð, og kemur þar fram, að farið er nákvæmlega eftir ákvæðum greinar 1.6.1. þannig, að fyrst er fundið vaktarálagið fyrir hverja klukkustund (tímakaup á gæsluvakt), sem er margfeldið af tilgreindu tímavinnukaupi í dagvinnu skv. lið 1.2.1., og viðkomandi vaktarálagi reiknuðu samkvæmt fortakslausu ákvæði 1.6.1. Tímafjöldi staðinnar gæsluvaktar er síðan margfaldaður með vaktarálagi fyrir hverja klukkustund (tímakaupi á gæsluvakt).

Með aðal- og sérkjarasamningnum, sem gildi frá 1. febrúar 1986 til 31. desember s. á., fylgdi tiltekin bókun, sem aðilar hafa undir rekstri málsins vitnað til og er svohljóðandi:

### „Bókun III.

Fyrir liggja bréf til:

a) forstöðumanna stofnana og trúnaðarmanna um útkallsvaktir“.

Í þessu sambandi hafa málsaðilar vitnað til afrita tveggja bréfa þáverandi bæjarstjóra og formanns samninganefndar bæjarins, Páls Zophoníassonar, frá árinu 1986, þar sem m. a. eftirfarandi kemur fram:

„Nú er lokið samningaviðræðum samninganefndar Vestmannaeyjabæjar og starfsmannafélagsins um sérkjarasamning. ....

Enn fremur var rætt fyrirkomulag á útkallsvöktum og greiðslu fyrir þær til handa þeim starfsmönnum, sem á þeim eru, jafnframt nauðsyn þess, að þeir hafi síma og bifreið til umráða og greiðslur í því sambandi.“

Af hálfu stefnanda er litið svo á, að bókun þessi hafi falið í sér áréttingu á loforði um, að ef viðkomandi starfsmenn og þ. á m. stefnandi sinntu þeirri vinnu, sem hér væri um fjallað, ættu þeir að fá greitt fyrir hana rétt eins og fyrir greiðslu á vinnu innta af hendi samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamnings. Kemur sú túlkun greinilega fram í framburði vitnisins Þorgerðar Jóhannsdóttur.

Af hálfu stefnda hefur því hins vegar verið haldið fram, að bókunin hafi ekki falið í sér samkomulag, hvernig hagað skyldi bakvaktargreiðslum, heldur fyrst verið að afla upplýsinga vegna vinnu við samninga, sem þegar höfðu verið undirritaðir, og kemur sú afstaða greinilega fram í framburði vitnisins Þorbjörns Pálssonar.

Bókun sú, sem fylgdi kjarasamningnum, sem gildi frá 1. janúar 1987 til 31. desember 1989, er svohljóðandi:

„Með vísan til skýrslu nefndar um rekstur sjúkrahúsa frá 8. sept. 1986, þar sem m. a. lagt er til, að allir bakvaktarsamningar verði kallaðir inn og samræmdir ásamt heildarsamningum, jafnframt því sem nú fara fram viðræður við fjármálaráðuneytið um launakjör starfsfólks á heilbrigðisstofnunum af hálfu launanefndar sveitarfélaga, er ekki unnt að ákvarða frekar um kjör starfsfólks sjúkrahúss, enda eru þau háð staðfestingu fjár-

málaráðuneytis, sbr. kjarasamning með fyrirvara frá 4. febr. sl. Þó eru aðilar sammála um að leita eftir viðurkenningu fjármálaráðuneytisins á eftirfarandi:

Starfsmenn á rannsóknastofu og röntgendeild fái greitt fyrir bakvaktir og útköll samkvæmt gildandi kjarasamningi milli aðila frá 1. febr. 1986.“

Af hálfu stefnanda kemur fram það sjónarmið, að í bókun þessari felist í raun það, að báðir samningsaðilar séu sammála um, að starfsmenn á röntgendeild og þar á meðal stefnandi fái greitt kaup fyrir bakvaktir og útköll með tilvísun til kjarasamnings.

Af hálfu stefndu kemur hins vegar fram það sjónarmið, að í bókuninni felist ekkert samkomulag, hvernig haga skuli greiðslum fyrir bakvaktir, en hins vegar skyldi leitað eftir viðurkenningu fjármálaráðuneytisins um fullar greiðslur fyrir þær.

Á dskj. 18 sést, að stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum 4. júní 1987 að óska eftir því við heilbrigðisráðuneytið og landlæknisembættið, að fram færi fagleg úttekt á þörfum fyrir bakvaktir þeirra starfsmanna, er sinna útkallsvöktum. Gögn málsins bera ekki með sér, að slík úttekt hafi farið fram, en á dskj. 43 sést, að 20. júní 1987 hafi sjúkrahússtjórn farið formlega fram á það. Í framangreindu dskj. nr. 43, sem er bréf stjórnar Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 23. október 1987, kemur m. a. fram eftirfarandi:

„Á röntgendeild hafa verið greiddar 220 gv-st. með 45% álagi á mánuði og á rannsóknastofu 330 gv-st. (sic). Marga undanfarna mánuði hafa viðkomandi starfsmenn og stéttarfélag þeirra lagt á það gífurlega áherslu, að þessum aðilum verði greiddar fullar bakvaktir, þar sem þeir sinna útköllum allan sólarhringinn. Annað telja þeir vera brot á kjarasamningum. Við hef-ur legið hvað eftir annað, að þeir hættu að líta svo á, að þeir væru á bakvakt allan sólarhringinn.“

Hinn 26. apríl 1988, dskj. 47, svarar heilbrigðisráðuneytið stjórn sjúkrahússins með eftirgreindum hætti:

„Á þessu stigi málsins verður eingöngu fjallað um bakvaktir röntgenmyndara og deildarmeinatækna við sjúkrahúsið.

Af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um fjölda útkalla á rannsóknastofu og röntgendeild á mánuði, telur ráðuneytið óeðlilegt, að greitt sé fyrir bakvaktir allan sólarhringinn. Hjá fjármálaráðuneyti hafa fengist þær upplýsingar, að ekki verði greitt fyrir bakvaktir allan sólarhringinn, og er vísað til útkallsskyldu starfsmanna, þó að ekki sé um beinar bakvaktir að ræða.

Komið hefur fram hjá stjórnendum, að samkomulag hafi verið um greiðslur fyrir ákveðinn fjölda klukkustunda á mánuði. Er það mat ráðuneytisins, að greiðslur þessar séu ekki of lágar miðað við fjölda útkalla.

Lögð er áhersla á það frá hendi ráðuneytisins, að samkomulag náist um ákveðinn stundafjölda og að þannig fáiast lausn á þessu máli.“

Meðal málskjala er bréf, dskj. 19, sem stefnandi kveður Lúðvík H. Jónsson hafa ritað f. h. stjórnar launanefndar, dagsett 19. júní 1987, en þótt það sé óstaðfest utanréttarvottorð, þykir rétt, þar sem stefndu hafa ekki mótmælt tilvist þess, að tilgreina hér efni þess. Bréfið, sem er stílað til stjórnar sjúkrahússins, er svohljóðandi:

„Launanefnd sveitarfélaga hefur borist kvörtun frá Starfsmannafélagi Vestmannaeyja þess efnis, að meinatæknunum á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja sé ekki greitt fyrir bakvaktir svo sem vera skyldi.

Í þessu sambandi vill stjórn launanefndar benda á bókun með kjarasamningi frá 13. 3. 1987 og jafnframt minna á, að stjórn launanefndar er umhugað um, að þeir kjarasamningar, sem stjórnin undirritar og staðfestir, séu haldnir og eftir þeim sé farið.“

Af hálfu stefndu er því algerlega hafnað, að umrætt bréf túlki sjónarmið stjórnar launanefndar, heldur sé hér um að ræða einkaskoðun þessa tiltekna talsmanns launanefndar sveitarfélaganna, sem mótmælt sé sem rangri, enda fái það með engu móti staðist, að stefndu hafi brotið kjarasamninginn frá 13. mars 1987.

Af hálfu stefnanda er hins vegar litið svo á, að hér sé um beina viðurkenningu á kröfum stefnanda að ræða.

Hinn 9. júlí 1987 er haldinn fundur í samninganefnd bæjarins, og voru þar m. a. bæjarstjóri og Þorbjörn Pálsson. Undir liðnum 2. mál (dskj. 22) kemur eftirfarandi fram:

„Í framhaldi af fundargerð nefndarinnar frá 4. júní sl., 3. mál, „Úttekt á bakvöktum við Sjúkrahús Vm.“ er upplýst, að frá og með 1. sept. nk. tekur nýtt fyrirkomulag gildi, þar sem tekið er fullt tillit til bakvaktar-fyrirkomulags skv. kröfu starfsmannafélagsins vegna starfsheitanna „röntgenmyndun og meinatæknir“. Nefndin mun fylgjast með framgangi málsins.“

Af hálfu stefnanda er litið svo á, að stefndu hafi brotið það loforð, sem í yfirlýsingunni hafi falist, svo að ekki hafi verið um annað að ræða en höfða mál á hendur stefndu vegna margendurtekinnna vanefnda á greiðslu launa vegna unninna bakvakta.

Af hálfu stefndu er því hins vegar haldið fram, að bókunin stafi af mis- skilningi nefndarmanna. Bókunin hafi stafað af því, að nefndarmenn hafi fengið þau fyrirmæli úr heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu í Reykjavík, að ráðuneytið myndi samþykkja fullar greiðslur fyrir bakvaktir, m. a. til meinatækna. Skömmu síðar hafi ráðuneytið hins vegar afturkallað þessi fyrirmæli.

Vitnið Hildur Oddgeirsdóttir deildarmeinatæknir, sem var á bakvöktum

á móti stefnanda og var auk þess í samninganefnd Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar, kvaðst líta svo á, að með því að þeim væri falið að vera á bakvakt, yrðu þær að vera til taks, þannig, að hægt væri að ná í þær, hvenær sem væri og hvar sem væri. Vitnið kvaðst hafa verið á bakvakt á móti stefnanda á því tímabili, sem hér um ræðir, og hafi þær skipst á að vera á vakt og lokað þannig sólarhringnum. Í bráðatilvikum væri kallað í þær og þær beðnar að sinna almennum blóðrannsóknum, skyndiblæðingum og öðrum þeim rannsóknum, sem viðkomandi læknir bæði þær að sinna, og þær yrðu að vera til taks, þegar á þyrfti að halda, allan sólarhringinn. Vitnið sagði, að þær hefðu alls ekki verið mótfallnar því, að gerð væri heildarúttekt á bakvaktarþörfinni, og í þeirra huga hefði aldrei verið nein spurning um, að það yrði þá enn frekar viðurkennt, að þær ættu að vera á bakvakt allan sólarhringinn, enda hefðu læknar sjúkrahússins farið fram á það, að einn meinatæknir yrði á vakt allan sólarhringinn og þær fengju greitt fyrir þá viðveruskyldu skv. viðkomandi kjarasamningi. Vitnið sagði, að fyrirkomulagið fyrir 15. mars 1981 hefði verið þannig, að þær hefðu sinnt bakvöktum um helgar og tveir meinatæknar fengið samtals 96 bakvaktarstundir á mánuði. Vitnið sagði, að þegar skrifað hefði verið undir samninginn frá 1986, hefði ekki verið búið að ganga endanlega frá bakvöktum, en meinatæknar og starfsmannafélagið talið sig vera með loforð fyrir því, að gengið yrði frá þessum málum sem fyrst. Vitnið sagði, að mál hefðu hins vegar þróast með öðrum hætti. Vitnið gat um bréfið, sem kom frá launanefnd sveitarfélaga 19. júní 1987, og hefði það verið sent sjúkrahússtjórninni og samninganefnd bæjarins, og upp úr því hefði verið samþykkt af hálfu stefndu, að fullar bakvaktargreiðslur ættu að koma til 1. september 1987, en það hefði hins vegar ekki gengið eftir. Vitnið gat þess sérstaklega, að þær hefðu skrifað undir bókunina á bls. 33 í samningnum frá 1987, því að þær hefðu viljað sýna umburðarlyndi, vitandi það, að tíma gæti tekið að gera hina faglegu úttekt, en það hefði hins vegar engu breytt í því sambandi, að þær hefðu verið þeirrar skoðunar, að réttur þeirra væri skýr samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Vitnið Þorgerður Jóhannsdóttir, formaður Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar, sagði um tilurð bókunar III a) í samningnum frá 1986, að ekki hefði verið fallist á það af hálfu gagnaðila við samningsgerðina, að gerð yrði sérstök bókun til að tryggja rétt í þessu sambandi, og menn sagt sem svo, að það væri í samningnum, að fólk ætti að fá borgað fyrir þá vinnutíma, sem það sinnti, og þær hefðu samþykkt þetta, enda verið fullvissaðar um, að bréf bæjarstjóra til stjórnar sjúkrahússins tryggði fullan rétt í þessu sambandi. Bréfið hefði með öðrum orðum átt að tryggja, að greitt yrði fyrir vaktir, sem skilað væri inn, og bakvaktir þar á meðal. Bréfið hefði legið fyrir við undirskrift samningsins í júlí 1986. Bréfið hefði ekki

verið sú trygging, sem lofað hefði verið, og því hefðu meinatæknar og starfsmannafélagið verið staðráðin í því að skrifa ekki undir, fyrr en staðið yrði við þau loforð, sem samningurinn frá 1986 hefði sagt til um. Fyrir undirskrift samningsins hefðu komið ofan af landi tveir fulltrúar launanefndar sveitarfélaga, sem vitnið nafngreindi, og áður en skrifað hefði verið undir samninginn frá 1987 13. mars 1987, hefði náðst sú málamiðlun, sem í bókuninni fælist. Þær hefðu skrifað undir þetta, enda jafnframt fullvissaðar um, að hin faglega úttekt væri að fara fram í ráðuneytinu og henni yrði lokið mjög fljótlega og fólk fengi þá greitt fyrir þær bakvaktir, sem það myndi sinna. Hvorugt hafi hins vegar gengið eftir, og því hafi ekki verið um annað að ræða en höfða mál þetta. Vitnið tók fram, að launaneftinni hefði verið fullkunnugt um, að ætlast hefði verið til þess af meinatæknum, að þær sinntu bakvöktum og lokuðu með því sólarhringnum.

Þorbjörn Pálsson, formaður stjórnar Sjúkrahúss Vestmannaeyja, gaf aðilaskýrslu hér fyrir dóminum. Jafnframt því að vera stjórnarformaður Sjúkrahúss Vestmannaeyja kvaðst hann hafa tekið þátt í gerð beggja samninganna frá 1986 og 1987 sem bæjarfulltrúi og nefndarmaður í samninganeftnd bæjarins. Samningaumleitarnir og viðræður um bakvaktir á árinu 1986, sagði hann, að hefðu ekki náð lengra en með því bréfi, sem bæjarstjóri sendi til stofnana, en tilgangurinn með því bréfi hefði umfram allt verið sá að leita upplýsinga. Um bókunina með samningnum frá 1987 sagði hann, að á þessum tíma hefði heilbrigðisráðuneytið innkallað alla bakvaktarsamninga frá sjúkrahúsunum á þeim forsendum, að fram undan væri vinna til samræmingar. Í öðru lagi hefðu þeir verið með bundnar hendur, þar sem þeim á þessum tíma hefði verið bannað af heilbrigðisráðuneytinu að semja nokkuð frekar um bakvaktirnar nema að höfðu samráði við heilbrigðisráðuneytið og/eða fjármálaráðuneytið, en tók þó sérstaklega fram, að hinu væri ekki að neita, að niðurlag bókunarinnar væri tilmæli til fjármálaráðuneytisins um viðurkenningu á kröfugerð þeirra aðila samningsins, sem þar væru sérstaklega nefndir. Er hann var spurður, hvort hann kynni skýringu á því, að samningurinn frá 1986, sem undirritaður hefði verið 21. mars 1986, hefði ekki verið undirritaður með fyrirvara eins og samningurinn frá 1987, sagðist hann ekki hafa aðra skýringu á því en þá, að enn í dag neitaði fjármálaráðuneytið að samþykka þann samning. Hann sagðist vita til þess, að meinatæknar við sjúkrahúsið tilkynntu vakthafandi lækni, í hvora þeirra mætti kalla, en þótt sett væri „þak“ miðað við 300 stundir í bakvaktir á mánuði, kannaðist hann ekki við, að af hálfu sjúkrahússins eða yfirmanna þar hefði verið tilgreint, hvenær sú vinna skyldi innt af hendi. Hann sagði, að samningarnir frá 1986 og 1987 hefðu engu breytt um það bakvaktarfyrirkomulag, sem tíðkaðist fyrir þann tíma.

Auk þeirra atriða, sem hér að framan hefur þegar verið minnst á, var af hálfu aðila við munnlegan málflutning lögð áhersla á eftirgreind atriði:

Af hálfu stefnanda var á það bent, að hlutaðeigandi kjarasamningar tækju til starfskjara stefnanda. Stefnandi hefði aldrei sætt sig við það fyrirkomulag, sem stefndu hefðu á greiðslu launa fyrir bakvaktir, þannig, að tiltekið „þak“ væri sett á þær greiðslur, byggt á samkomulagi frá 1981, sem löngu væri úr gildi fallið. Þrátt fyrir kjarasamningana frá 1986 og 1987 og skýr ákvæði þeirra um, hvernig bæri að greiða fyrir bakvaktir, hafi stefndu ekkert farið eftir því og haldið áfram að greiða skv. eldra fyrirkomulagi. Þótt þessu hafi verið margsinns mótmælt af hálfu stefnanda og sú krafa gerð, að eftir gildandi kjarasamningum væri farið, hafi stefndu ekki í neinu breytt fyrra háttarni. Af gögnum málsins sjáist, t. d. bréfaskriftum, dskj. 43, 44 og 47, að af hálfu stefndu sé viðurkennt, að þörf sé fyrir gæsluvakt stefnanda, en stefndu beri fyrir sig, að Sjúkrahús Vestmannaeyja sé á föstum fjárlögum og greiðslur komi úr ríkissjóði. Í þessu sambandi sé af hálfu stefnanda ítrekað, að þótt stefndu eigi almennt rétt á að setja þak á bakvaktir, breyti það ekki því, að stefndu geti með engum hætti þverskallast við að greiða fyrir unnar bakvaktarstundir samkvæmt lögum og kjarasamningum. Það sé alveg ljóst, að sé bakvaktarstund unnin, eigi greiðsla þar fyrir að koma, þannig, að sé samasemmerki sett fyrir aftan unna bakvaktarstund, eigi þar fyrir aftan að standa greidd bakvaktarstund. Um lagarök var af hálfu stefnanda haldið fram því sjónarmiði, að sú háttsemi stefndu að greiða stefnanda fyrir unnar gæsluvaktir væri ekki einungis andstæð skýrum ákvæðum viðkomandi kjarasamninga, heldur einnig beinlínis brot á 1. gr. laga nr. 55/1980, sem kvæðu á um það, að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semdu um, skyldu vera lágmarkskjör og að lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákvæðu skyldu ógild vera. Jafnframt var vísað til áðurgreindra bókana í tilgreindum kjarasamningum og ákvæðum 1. 6. í báðum kjarasamningunum. Um aðild Vestmannaeyjakaupstaðar sérstaklega var vísað til IV. kafla laga nr. 59/1983, einkum 2. og 4. mgr. 34. gr. laganna, þ. e. til hinnar rekstrarlegu skyldu kaupstaðarins og eignaraðildar.

Af hálfu stefndu voru málsástæður einkum taldar vera þær, að stefndu ættu rétt á að semja um þak á bakvöktum. Það hefði verið gert 15. mars 1981 með samkomulagi beggja aðila. Eftir það hefði ekki verið gert nýtt samkomulag. Af hálfu stefnanda hefði samkomulaginu frá 1981 ekki verið sagt upp. Stefndu hefðu alltaf haldið sig við þetta samkomulag. Kjarasamningarnir frá 1984, 1986 og 1987 hefðu í engu breytt þessu samkomulagi og því fyrirkomulagi á greiðslu bakvakta, sem í því væri fólgið. Ef loka hefði átt sólarhringnum, hefði þurft að semja um það sérstaklega. Það

hefði ekki verið gert, og eftir stæði samkomulagið frá 1981 um 300 stunda þakið. Hitt sé annað, að alls staðar skíni í gegn viss skilningur um að koma til móts við stefnanda, en vankantarnir hefðu hins vegar verið föstu fjárlögin. Það sé á misskilningi byggt hjá stefnanda, að kjarasamningurinn frá 1986 hafi breytt einhverju frá því, sem áður gildi. Einnig sé á misskilningi reist sú afstaða, sem fram komi í framburði vitnisins Hildar, að hækka hafi átt bakvaktarþakið í þrepum. Slík óskhyggja skapi engan rétt. Fram komi tvískinnungur í framburði vitnanna Þorgerðar og Hildar, sem aftur hafi endurspeglast í málflutningi stefnanda, þar sem í öðru orðinu sé því haldið fram, að reynt hafi verið að pressa í gegn rétt til fullra bakvakta, en í hinu orðinu sé því haldið fram, að í reynd hafi þess ekki þurft, rétturinn hafi verið skýr og tryggur í viðkomandi samningum. Hér sem annars staðar eigi að fara eftir lögum, og lögfræðilega sé enginn samningur um greiðslu fullra bakvakta. Bókunin frá 1987 feli ekki í sér annað en skilyrt tilboð, sem ekki hafi orðið að samningi. Stefnandi hljóti að hafa sönnunarbyrðina fyrir því, að samkomulag hafi komist á, sem breytt hafi fyrra samkomulagi um þak á greiðslu bakvakta, sem næmi 300 stundum á mánuði. Það sé ósannað, og því beri að sýkna stefndu.

#### IV.

Dómkrafan í máli þessu er krafa um vangoldin laun, og á mál þetta því undir dómstól þennan, sem er bær um að meta öll atriði, er kaupkröfuna varða, og þar á meðal, ef með þarf, að skýra tiltekin kjarasamningsákvæði.

Auk þeirra atriða, sem þegar voru tilgreind, er málavextir voru raktir, verður byggt á eftirgreindum forsendum við niðurstöðu málsins:

Ekki er um það ágreiningur, að stefndu fólu stefnanda að standa bakvakt. Í bakvakt felst viðveruskylda. Vinnusamningur stefnanda við stefndu gaf henni rétt á að krefja stefndu um endurgjald í formi launa fyrir slíka viðveru. Réttur stefndu til að takmarka viðveruna við ákveðinn vinnustundafjölda sætir ekki ágreiningi. Til úrlausnar kemur, hvort samkomulag frá 16. mars 1981, dskj. 33 og 24, um takmarkaða viðveru miðað við 300 vinnustundir á mánuði bindi hendur stefnanda í þessu sambandi. Óumdeilt er, að þegar samningur var gerður, skyldi samkomulag um 300 vinnustunda viðveru á mánuði einungis gilda til 1. janúar 1982, en þá taka við 330 vinnustunda viðverutímabil, en því ákvæði samkomulagsins var hafnað af stefnda Vestmannaeyjakaupstað, og kom það ekki til framkvæmda, eins og hér að framan hefur verið rakið. Orðalag samkomulagsins frá 16. mars 1981, aðdragandi þess og aðgerðir samningsaðila þar á eftir benda til þess, að takmörkun miðað við 300 stundir á mánuði hafi ekki átt að gilda lengur en til 1. janúar 1982. Samkvæmt því og með andmælum stefnanda verður

að telja, að ósönnuð sé sú fullyrðing stefndu, að samkomulagið frá 16. mars 1981 takmarki rétt stefnanda eða sé skuldbindandi fyrir hana við kröfugerð í máli þessu.

Þá kemur til skoðunar sú málsástæða stefndu, sem reist er á því, að tilvitnaðar bókanir með kjarasamningunum frá 1986 og 1987 tryggi ekki rétt stefnanda, enn fremur, ef þannig yrði á málið litið, hvort það myndi girða fyrir, að stefnandi fengi kröfu sína dæmda. Fallast má á það með stefndu, að bókanir þessar tryggi ekki einar og sér rétt stefnanda. Hvorug þeirra segi afdráttarlaust, að meinatæknar við Sjúkrahús Vestmannaeyja eigi að fá greiddar fullar bakvaktir án takmörkunar. Þær og það, sem fram hefur komið í málinu um tilurð þeirra, gefa hins vegar góða vísbendingu um, að samningsaðilum hafi verið ljóst, að meinatæknar við sjúkrahúsið unnu fullar bakvaktir, og kröfugerð þeirra hafi mætt fullum skilningi. Hvorki girðir framangreind niðurstaða um, hvernig túlka beri tilgreindar bókanir, né sú staðreynd, að sjúkrahúsið komst á föst fjárlög 1986, fyrir það, að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina. Hitt er, að stefndu bar við þessar aðstæður að tryggja enn frekar en áður, að fé fengist til að mæta þeim launakostnaði, sem bakvaktarvinna meinatækna við sjúkrahúsið kallaði á, en óumdeilt verður að telja, að stefnandi, allt frá því að hún hóf störf við sjúkrahúsið, hafi ásamt vitninu Hildi Oddgeirsdóttur staðið fullar bakvaktir.

Með því að óumdeilt er, að stefnandi innti framangreinda vinnu af hendi, sem aftur gaf henni, í samræmi við það, sem að framan greinir, skýlausan rétt til að krefja stefndu um greiðslu launa fyrir þá vinnu, og kröfugerð stefnanda er samrýmanleg kjarasamningsákvæðum, verða kröfur stefnanda í máli þessu að öllu leyti teknar til greina. Stefndu, Sjúkrahús og heilsugæslustöð Vestmannaeyja, kt. 580269-1259, og Vestmannaeyjakaupstaður, kt. 690269-0159, greiði in solidum Guðrúnu Lindu Þorvaldsdóttur 223.319 kr. með þeim vöxtum, er í dómkröfum stefnanda greinir, en það athugast, að höfuðstóll stefnufjárhæðar, 223.319 kr., telst hafa myndast 20. september 1987, en ekki 7. september 1987, eins og greinir í stefnu.

Í samræmi við niðurstöðu málsins og samkvæmt 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 skulu stefndu greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 84.000 krónur, þar með talinn 12% söluskattur, 9.000 kr., en við munnlegan málflutning var þess getið, að mestur hluti vinnunnar við undirbúning málsins hefði farið fram fyrir gildistöku laga um virðisaukaskatt, en í tíð laga nr. 1/1988, sbr. III. kafla þeirra laga. Dæmdur málskostnaður skal, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987, fimmtán dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Heimilt er stefnanda að leggja dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar

og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en í tólf mánuði, í fyrsta skipti 20. september 1988, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Sjúkrahús og heilsugæslustöð Vestmannaeyja, kt. 580269-1259, og Vestmannaeyjakaupstaður, kt. 690269-0159, greiði in solidum stefnanda, Guðrúnu Lindu Þorvaldsdóttur, kt. 031053-5539, 233.319 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---